

Desember 1967

8

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar

Kjararannsóknarnefnd
Skrifstofur: Skólavörðustíg 12
Símar 21775 - 21776

Fréttabréf

8

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð
í desember 1967:

Björn Jónsson (formaður)

Björgvin Sigurðsson

Helgi Bergs

Hjalti Kristgeirsson

Sigurvin Einarsson

Þorvarður Alþonsson

Efnisyfirlit:

1. Þróun tímakaups og vinnutíma í Reykjavík á 2. ársfjórðungi 1967. Birtar eru niðurstöður úr launaskýrslum fyrir 2. ársfjórðung 1967 og vísitölur um kaupmátt tímakaups og meðaltíma-kaups verkamanna á 2. ársfjórðungi 1967, miðað við 2. ársfjórðung 1966.

2. Tölur um tímakaup og vinnutíma.

Tafla 1 Verkamenn. Tímakaup.

Tafla 2 Verkamenn. Vinnutími.

Tafla 3 Iðnaðarmenn. Tímakaup.

Tafla 4 Iðnaðarmenn. Vinnutími.

Tafla 5 Verkakonur. Tímakaup.

Tafla 6 Verkakonur. Vinnutími.

Tafla 7 Flugáhafnir. Meðaltíma kaup.

3. Kauptaxtar og álögur á kaup nokkurra starfsstétta.

Birtir eru útreikningar um lögboðnar og samningsbundnar álögur á tímakaup nokkurra starfsstétta, og sýnt hvað hver vinnustund kostar vinnuveitendur.

4. Framfærsluvísitala, og vísitala neyzluvöru og þjónustu frá 1/3 1959 (ársmeðaltöl), kaupgjalds-vísitala og vísitöluálag á grunnlaun frá 1/3 1965.

Tímakaup og vinnutími í Reykjavík

á 2. ársfjórðungi 1967.

1. Verkamenn.

Upplýsingar um tímakaup og vinnutíma verkafólks í Reykjavík á 2. ársfjórðungi 1967 fara hér á eftir (töflur 1-7). Upplýsingar þessar ná til 1539 þúsund vinnustunda og voru greiddar fyrir þær 115.6 milljónir króna. Rétt er að vekja athygli á því, að páskahelgin féll á 1. ársfjórðung á þessu ári, en 2. ársfjórðung 1966, og hefur það áhrif á samanburðinn milli 2. ársfjórðungs 1966 og 2. ársfjórðungs 1967 (samanber Fréttabréf 7). Eins og tekið er fram í Fréttabréfi 7 hækkar helgidagaálagið meðaltímakaupið á 1. ársfjórðungi 1967 um kr. 1,75 vegna tilflutnings páskahelgarinnar. Vilji menn útiloka þessi áhrif í samanburðinum milli áranna 1966 og 1967, ber því að draga kr. 1,75 frá meðaltímakaupinu á 1. ársfjórðungi 1967 og bæta kr. 1,69 við meðaltímakaupið á 2. ársfjórðungi 1967. Þetta hefur aðeins áhrif í samanburði á kaupmætti meðaltímakaupsins (launa) og veldur lítið eitt hærri kaupmætti á 1. ársfjórðungi 1967 og tilsvarendi lægri kaupmætti á 2. ársfjórðungi 1967 en yrði, ef helgidagar væru ekki teknir með í reikninginn.

Samkvæmt töflu 1 verður samanburður á vegnu tímakaupi í dagvinnu og vegnu meðaltímakaupi á 2. ársfjórðungi 1966 og 2. ársfjórðungi 1967 þessi:

<u>2. ársfjórðungur</u>	Tímakaup í dagvinnu		Hækkun %	Meðaltímakaup		Hækkun %
	1966	1967		1966	1967	
	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>		
Alm. verkamannav.	55,14	59,43	7,8	70,27	72,35	3,0
Aðstoð v. fagv.	63,49	67,47	6,3	78,42	80,53	2,7
Vélstjórn	59,66	65,11	9,1	78,09	82,84	6,1
Samanvegið	57,94	62,46	7,8	73,85	76,50	3,6

Samkvæmt þessu er þá tímakaupið í dagvinnu um 7,8 % hærra á 2. ársfjórðungi 1967 en á 2. ársfjórðungi 1966, en meðaltímakaupið er aðeins 3,6 % hærra á 2. ársfjórðungi 1967 en á 2. ársfjórðungi 1966.

Til þess að gera sér grein fyrir, hvaða áhrif breyttur vinnutími hefur á meðaltímakaupið, er bezt að athuga breytingu meðaltímakaups án helgidagaálags.

Samanvegið tímakaup í dagvinnu á 1. ársfjórðungi 1967 varð 12,0 % hærra en á 1. ársfjórðungi 1966, meðan meðaltímakaupið án helgidagaálags hækkar aðeins um 11,2 %. Minni aukning meðaltímakaups, um 0,8 %, stafar af minnkandi yfirvinnu.

Samanvegið tímakaup í dagvinnu á 2. ársfjórðungi 1967 reyndist 7,8 % hærra en á 2. ársfjórðungi 1966, meðan meðaltímakaup án helgidagaálags hækkar aðeins um 5,9 %. Yfirvinna hefur því haldið áfram að dragast saman og veldur á 2. ársfjórðungi 1967 1,9 % lægra meðaltímakaupi en væri, ef sama atvinnustig hefði haldist á 2. ársfjórðungi 1967 og var á 2. ársfjórðungi 1966.

Samkvæmt athugun á breytingum á kaupþóxtum og vísitölu milli 2. ársfj. 1966 og 2. ársfj. 1967 hefur samningsbundið tíma-kaup verkamanna hækkað þannig:

	Dagsbrún	Iðja	Samanvegið
	<u> </u>	<u> </u>	<u>92 : 8</u>
	%	%	%
Hækkun kaupgjalds-vísitölu	4,4	4,4	4,4
Textahækkun 26/6'66	3,3	9,8	3,8
Taxtatilfærslur	0,9		0,8
Vísitölhækkun á grunnkaupshækkun	0,1	0,4	0,1
	<u>8,7</u>	<u>14,6</u>	<u>9,2</u>

Samkvæmt þessum útreikningum hafa kauptaxtar verkamanna í dagvinnu hækkað um 9,2 % frá 2. ársfjórðungi 1966, en greitt dagvinnutímakaup hefur, samkvæmt framansögðu, hækkað um 7,8%. Það þýðir, að bónusgreiðslur og yfirborganir á 2. ársfjórðungi 1967 hafa ekki haldizt í sama hlutfalli og áður. Samkvæmt Fréttabréfi 7, bls. 7, kemur fram, að greitt dagvinnukaup og kauptaxtar hækkuðu á 1. ársfjórðungi 1966 um sömu hlutfallstölu, miðað við 1. ársfj. 1966, þannig að þessi breyting hlýtur að hafa orðið á 2. ársfjórðungi 1967.

Skipting vinnutímans (verkamenn).

Í töflu 2 er sýnd hlutfallsleg (%) skipting vinnutímans á 2. ársfjórðungi 1967 í dagvinnutíma, eftirvinnutíma og næturvinnutíma, heildarvinnustundafjöldinn (í þús.), sem skiptingin byggist á (dálkur 1) og heildarkaupið, sem greitt er fyrir þessar vinnustundir í þús. kr. (dálkur 6).

Séu þessar upplýsingar bornar saman við 2. ársfjórðung 1966, kemur í ljós, að áfram hefur haldið sú þróun, sem í ljós kom á 1. ársfjórðungi 1967, að yfirvinna hefur dregið mjög mikið saman í fiskvinnu, hafnarvinnu og slippvinnu, og nokkuð í öðrum greinum almennrar verkamannavinnu, en minna í aðstoð við fagvinnu og hjá stjórnendum véla og tækja, þó allsstaðar sé um samdrátt að ræða. Samanvegin meðaltöl um hlutfallslega skiptingu vinnutímans á 2. ársfjórðungi 1967, borið saman við 2. ársfjórðung 1966, eru þannig:

Vegin meðaltöl	2. ársfj. 1967			2. ársfj. 1966		
	Dvt	Evt	Nvt	Dvt	Evt	Nvt
Alm. verkam.v.	74,4	14,0	11,6	69,7	14,0	16,3
Aðst. v. fagv.	78,4	13,5	8,1	76,8	13,9	9,3
Vélstjórn	69,6	12,9	18,4	67,0	11,3	21,7
Samanvegið	74,0	13,4	12,6	70,4	13,3	16,3

Yfirlitið sýnir þá m. a., að næturvinna var 16,3 % af heildarvinnutímanum í almennri verkamannavinnu á 2. ársfj. 1966, en er 11,6 % á 2. ársfj. 1967. Á sama hátt var næturvinna aðstoðarmanna við fagvinnu 9,3 % af heildarvinnutíma 1966, en er 8,1 % á sama tíma 1967, og næturvinna stjórnenda véla og tækja var 21,7 % af heildarvinnutímanum á 2. ársfj. 1966, en er 18,4 % á 2. ársfj. 1967. Samdráttur á næturvinnu í almennri verkamannavinnu úr 16,3 % í 11,6 % þýðir sem næst 29% minnkun á magni næturvinnu. Við það, að hlutfall næturvinnu lækkar, ætti hlutfall eftirvinnutímans að hækka, ef magn eftirvinnutímanna væri jafnmikið 1967 og 1966 (í framangreindu tilfelli um alm. verkamannavinnu um ca. 0,8 %). En nú er hlutfall eftirvinnunnar það sama bæði árin (14%), sem virðist þá tákna það, að magn eftirvinnunnar sé einnig lítið eitt minna en á sama tíma 1966.

Kaupmáttur launa og tímakaups í dagvinnu.

Í Fréttabréfi 7 voru birtar upplýsingar í tilraunaskyni til að mæla breytingar, sem orðið hefðu á kaupmætti launa (meðaltímakaups) og kaupmætti tímakaups í dagvinnu á milli 1. ársfjórðungs 1966 og 1. ársfjórðungs 1967. Hér verður nú bætt við samskonar mælingu milli 2. ársfj. 1966 og 2. ársfj. 1967.

a. Meðaltímakaup

	<u>Samangeið meðaltímak.</u>	<u>Vísitala launa</u>	<u>Neyzlu- vísitala</u>	<u>Vísitala kaupmáttar</u>
1. ársfj. 1966	63,33	100,0	100,0	100,0
1. - 1967	72,12	113,8	106,7	106,7
2. - 1966	73,85	100,0	100,0	100,0
2. - 1967	76,50	103,6	103,0	100,6

b. Tímakaup í dagvinnu 1)

	<u>Samangeið tímak. í dagv.</u>	<u>Vísitala tímak.</u>	<u>Neyzlu- vísitala</u>	<u>Vísitala kaupmáttar</u>
1. ársfj. 1966	55,00	100,0	100,0	100,0
1. - 1967	61,58	112,0	106,7	105,0
2. - 1966	57,94	100,0	100,0	100,0
2. - 1967	62,46	107,8	103,0	104,7

Af framangreindum yfirlitum má sjá, að kaupmáttur tímakaups í dagvinnu er næstum sá sami á 2. ársfj. 1967 og á 1. ársfj. 1967 eða 104,7 stig á móti 105,0. Aftur á móti hefur kaupmáttur launa á 2. ársfj. minnkað verulega frá 1. ársfj. 1967 eða úr 106,7 stigum í 100,6 stig og er því nærfellt sá sami á 2. ársfj. 1967 og á 2. ársfj. 1966, eða aðeins 0,6 stigum hærri.

Hér kemur að sjálfsögðu fyrst og fremst fram sú minnkun á yfirvinnu, sem um er rætt hér að framan, og minnkandi aukagreiðslur.

1) Hér er um að ræða tímakaup í dagvinnu eins og það er samkv. launastatistik, en ekki samningsbundið tímakaup.

Tafla 1

Tímakaupstafla - 2. ársfj. 1967

Verkamenn Véltafla 245	Heildar- vinnust. þús.	Vog í dagv. kr.	Tímak. í dagv. kr.	Helgid. álag kr.	Eftirv. álag kr.	Næturv. álag kr.	Meðal- tímak. kr.
	1	2	3	4	5	6	7
<u>Alm. verkamannav.</u>							
Fiskvinna	31	15	52,22	3,09	3,44	6,93	65,69
Hafnarvinna	270	20	54,49	2,80	4,42	5,26	66,97
Pakkhúsvinna	59	3	59,43	3,45	4,38	6,08	73,36
Lyftaravinna	33	2	54,24	3,32	4,47	6,47	68,51
Byggingavinna	34	10	72,87	2,36	6,25	3,88	85,37
Afgreiðslustörf	33	7	69,60	4,38	3,08	4,25	81,31
Bæjarvinna	126	15	54,83	2,84	4,45	4,42	66,55
Verksmiðjuvinna	48	11	65,86	4,24	3,91	1,85	75,87
Slippvinna	17	2	57,17	3,55	3,42	4,43	68,59
Ymis alm. vinna	86	15	60,42	4,02	3,59	8,03	76,06
Vegið meðaltal		100	59,43	3,30	4,17	5,25	72,16
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>							
Mákmsmíði	35	35	66,40	4,39	4,14	5,67	80,62
Trésmíði	31	30	62,17	4,05	4,61	1,75	72,59
Eifvélavirkjun	26	35	73,07	4,90	4,08	5,20	87,25
Vegið meðaltal		100	67,47	4,47	4,26	4,33	80,53
<u>Vélstjórn</u>							
Bílstjórar	144	80	65,10	4,30	3,81	8,81	82,02
Ytu- og kranastj.	91	20	65,13	4,11	5,41	11,48	86,14
Vegið meðaltal		100	65,11	4,26	4,13	9,34	82,84
<u>Samangeigið</u>							
Alm. verkamenn		55	59,43	3,30	4,17	5,25	72,16
Aðst. v. fagvinnu		20	67,47	4,47	4,26	4,33	80,53
Vélstjórn		25	65,11	4,26	4,13	9,34	82,84
Samangeigið meðaltal		100	62,46	3,77	4,18	6,09	76,50

Tafla 2 Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 2. ársfj. 1967.

Verkamenn Véltafla 345	Heildar-		Skipting vinnutíma			Heildar- kaup þús.kr.
	vinnust. þús.	Vog	Dyt	Evt	Nyt	
			%	%	%	
1	2	3	4	5	6	
<u>Alm.verkamannav.:</u>						
Fiskvinna	29	15	70,7	12,4	16,9	1934
Hafnarvinna	270	20	71,8	15,8	12,4	18062
Pakkhúsvinna	59	3	72,3	14,5	13,2	4309
Lyftaravinna	33	2	68,5	15,9	15,6	2260
Byggingavinna	31	10	76,2	17,1	6,7	2607
Afgreiðslustörf	25	7	83,0	9,4	7,6	2010
Bæjarvinna	126	15	73,4	16,2	10,4	8371
Verksmiðjuvinna	32	11	83,3	13,1	3,6	2439
Slippvinna	17	2	77,9	12,3	9,8	1165
Ýmis alm. vinna	84	15	71,6	11,6	16,8	6481
		100	74,4	14,0	11,6	49638
<u>Aðstoð v. fagv.:</u>						
Málmsmíði	35	35	76,3	12,8	10,9	2801
Trésmíði	30	30	79,9	16,4	3,7	2160
Bifvélavirkjun	26	35	79,3	11,7	9,0	2249
Vegið meðaltal		100	78,4	13,5	8,1	7210
<u>Vélstjórn:</u>						
Bílstjórar	126	80	71,5	11,3	17,2	10422
Ýtu- og kranastjórar	91	20	62,3	14,6	23,1	7858
		100	69,6	12,0	18,4	18280
<u>Samanvegið:</u>						
Alm. verkam.v.		55	74,4	14,0	11,6	49638
Aðst. v. fagv.		20	78,4	13,5	8,1	7210
Vélstjórn		25	69,6	12,0	18,4	18280
Samanvegið meðaltal		100	74,0	13,4	12,6	75128

Tafla 3

Tímakaupstafla - 2. ársfj. 1967.

Iðnaðarmenn Véltafla 265	Heildar-	Tímak.	Hgd.-	Evt.v.	Næturv.	Meðal-
	vinnust. þús.	í dg. kr.	álag kr.	álag kr.	álag kr.	tímak. kr.
	1	2	3	4	5	6
<u>Tímavinna:</u>						
Skipasm. og viðg.	9	75,11	5,05	4,35	4,25	88,77
Málmsmíðar	80	75,04	5,03	4,88	7,76	92,73
Trésmíðar	36	84,17	4,93	7,82	2,23	99,15
Húsgagnagerð	17	87,92	5,86	5,14	0,16	99,09
Flugvirkjun	32	89,07	5,98	0,94	20,05	116,04
Bifvélavirkjun	47	79,88	5,36	4,60	6,70	96,54
Rafvirkjun	27	83,08	5,58	5,95	5,09	99,72
Bökunarvinna	9	71,22	4,78	2,06	5,80	83,88
Prentun og bókg.	18	80,92	5,44	0,00	12,52	98,89

Tafla 4

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 2. ársfj. 1967.

Iðnaðarmenn Véltafla 365	Heildar- vinnust. þús.	Skipting vinnutíma			Heildar- kaup þús. kr.
		Dyt %	Eyt %	Nyt %	
	1	2	3	4	5
Skipasm. og viðg.	9	80,1	12,4	7,5	824
Málmsmíðar	80	73,3	12,9	13,8	7459
Trésmíðar	35	79,0	17,5	3,5	3478
Húsgagnagerð	14	88,6	11,2	0,2	1359
Flugvirkjun	30	70,1	1,8	28,1	3268
Bifvélavirkjun	47	76,9	11,9	11,2	4584
Rafvirkjun	26	76,5	15,2	8,3	2617
Bökunarvinna	9	83,7	6,0	10,3	724
Prentun og bókb.	18	83,4	0,0	16,6	1817
	268				26130

Tafla 5

Tímakaupstafla - 2. ársfj. 1967.

Verkakonur Véltafla 235	Heildar- vinnust. þús.	Tímak. í dgv. kr.	Helgid. álag kr.	Eft.v. álag kr.	Ntv. álag kr.	Meðal- tímak. kr.
	1	2	3	4	5	6
Fiskvinna	29	49,21	2,54	3,07	1,57	56,40
Afgreiðslustörf	7	53,43	2,29	2,15	0,05	57,93
Verksmiðjuvinna	54	50,45	3,00	0,91	0,29	54,67
Bökunarvinna	6	55,51	3,73	0,10	0,32	59,67
Fatasaumur	32	55,27	3,37	0,10	0,02	58,77
Prentun og bókb.	5	54,28	3,64	0,00	4,64	62,57
Ýmis alm.vinna	10	64,88	3,72	0,20	5,82	74,62

Tafla 6 Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla - 2. ársfj. 1967.

Verkakonur Véltafla 335	Heildar- vinnust. þús.	Skipting vinnutíma			Heildar- kaup þús.kr.
		Dvt %	Evt %	Nvt %	
	1	2	3	4	5
Fiskvinna	29	82,6	13,4	4,0	1663
Afgreiðslustörf	7	91,1	8,8	0,1	433
Verksmiðjuvinna	49	95,2	4,1	0,7	2653
Bökunarvinna	6	98,9	0,4	0,7	345
Fatasaumur	20	99,5	0,4	0,1	1203
Prentun og bókb.	5	90,8	0,0	9,2	307
Ýmis alm.vinna	10	88,8	0,6	10,6	736

Tafla 7

Meðaltímakaup - 2. ársfj. 1967.

Flugáhafnir Véltafla 275	Heildar- vinnust. þús.	Meðal- tímak. kr.
Flugstjórar	14	209,53
Flugáh. annað	21	131,07
Flugfreyjur	22	66,19

2. Iðnaðarmenn.

Tölflur 3 og 4 sýna tímakaup nokkurra hópa iðnaðarmanna og skiptingu vinnutímans. Greinilega hafa talsverðar sveiflur átt sér stað hjá ýmsum iðnaðarmönnum, og verður leitast við hér á eftir að gera betur grein fyrir, hverjar þær sveiflur eru, og af hverju þær stafa, eftir því sem hægt er.

Til þess að slík athugun sé framkvæmanleg, í stuttu máli, er óhjákvæmilegt að vega hópa iðnaðarmanna saman í einn flokk. Sú tala, sem þá kemur út, þarf ekki að gefa sanna mynd af raunverulegu tímakaupi þeirra, en hlýtur að sýna nokkuð réttar hlutfallsbreytingar frá einum tíma til annars. Meðlimaskrár iðnfélaganna eru notaðar við gerð vigtarkerfisins.

Séu allir hópar iðnaðarmanna vegnir saman, kemur í ljós, að hlutfallsbreytingar á 1. og 2. ársfj. 1967, miðað við sömu ársfjórðunga árið áður, hafa orðið þessar:

	1. ársfj.	2. ársfj.
	%	%
Tímak. í dagv.	+ 7,8	+ 4,5
Meðaltímakaup	+ 9,0	+ 0,3
Meðaltímakaup án helgid.álags	+ 5,9	+ 3,3
Yfirvinnuálag	+ 1,9	+ 1,2

Meðaltímakaup án helgidagaálags sýnir, hversu mikið meðaltímakaupið er, þegar búið er að eyða þeim áhrifum, sem greiðslur vegna helgidaga hafa, til hækkunar á það. Ef eftirvinna og næturvinna væri alltaf jafnmikil, myndi þetta meðaltal hækka hlutfallslega jafnmikið og dagvinnukaupið. Þar sem það hækkar minna hér að ofan, þá stafar það af því, að eftir- og næturvinna hefur minnkað. Með því að athuga mismuninn á hlutfallsbreytingu dagvinnukaups og meðaltímakaups, án helgidagaálags, má því gera sér grein fyrir áhrifum breytttrar yfirvinnu á meðaltímakaupið og jafnframt fá tölu, sem nota má sem mælikvarða fyrir breytingar á atvinnustigi. Jafnframt má mæla atvinnuáttigið með því að finna breytingu á hlutfallstölu yfirvinnu af heildarvinnutímanum.

Á 2. ársfjórðungi 1967 er tímakaup iðnaðarmanna í dagvinnu 4,5 % hærra en á sama ársfj. fyrra árs, þ. e. um það bil sama hækkun og varð á kaupgjaldsvísitölu. Yfirleitt hafa engir nýir kjarasamningar verið gerðir hjá iðnaðarmönnum á þessu tímabili, en vitað er, að smábreytingar hafa átt sér stað hjá einstaka fyrirtækjum, sem þó getur ekki valdið mikilli hækkun.

Yfirvinnuálagið hefur á 2. ársfj. 1967 lækkað og valdið lækkun á meðaltímakaupi um 1,2 %, miðað við 2. ársfj. 1966. Þessi hreyfing meðaltalsins, sem er smávægileg, verður annars eðlis, þegar lítið er á dreifinguna á hina ýmsu hópa, því þá kemur í ljós, að hún er mjög misjöfn og gengur í báðar áttir.

Til að sýna betur, hvernig þróunin hefur orðið hjá hinum ýmsu hópum iðnaðarmanna, er hér sýnd þáttagreining á hlutfallslegri breytingu meðaltímakaups án helgidagaálags. Það er mismunur á stöðu 2. ársfj. 1967 og 2. ársfj. 1966.

Hlutfallsleg breyting á meðaltímakaupi
iðnaðarmanna, án helgidagaálags,
frá 2. ársfj. 1966 til 2. ársfj. 1967

	Vísitölu hækkun %	Aðrar tímak.h. %	Yfirvinnu álag %	Samtals %
Skipasm.og viðg.	4,4	+ 4,3	+ 7,3	+ 7,2
Málmsmíðar	4,4	+ 3,8	+ 2,5	+ 1,9
Trésmíðar	4,4	3,5	+ 0,8	7,1
Húsgagnagerð	4,4	0,8	+ 2,2	3,0
Flugvirkjun	4,4	+ 12,7	+ 2,0	+ 10,3
Bifvélavirkjun	4,4	+ 4,9	3,9	3,4
Rafvirkjun	4,4	+ 0,7	+ 3,3	0,4
Bökunarvinna	4,4	6,4	+ 0,1	10,7
Prentun og bókaðg.	4,4	5,6	2,3	12,3
Vegið meðaltal				
2. ársfj. 1967	4,4	0,1	+ 1,2	3,3
1. ársfj. 1967	6,8	1,0	+ 1,9	5,9

Málm- og skipasmíðar.

Greinilegur samdráttur kemur þarna fram, bæði á tíma-kaupi og yfirvinnu. Orsökkin er minnkandi atvinna í þessum greinum og minnkandi ákvæðisvinna, sem veldur því, að tíma-kaup í dagvinnu lækkar. Samdrátturinn virðist hafa byrjað í málmsmíðinni á 1. ársfj. 1967, en þá fellur dagvinnukaupið svo, að mikil aukning þess á 2. - 4. ársfj. 1966 umfram vísitöluhækkun hverfur nærri alveg.

Á 2. ársfj. er tímakaup í dagvinnu næstum komið niður í það, sem það var á 2. ársfj. 1966 og er þá 3,8 % lægra en það væri, ef ákvæðisvinna og yfirborganir hefði haldizt óbreytt. Í skipasmíðinni fellur dagvinnukaupið á 2. ársfjórðungi niður í það sama og það var í ári áður.

Trésmíðar.

Yfirvinnuálagið lækkar meðaltímakaupið lítið eitt, miðað við það sem var á sama tíma árið áður, en er þó hagstæðara en á 1. ársfjórðungi. Tímakaup í dagvinnu er 3,5 % hærra en vísitöluhækkun gefur tilefni til. Annar ársfjórðungur virðist því vera hagstæður fyrir trésmíði.

Húsgagnagerð.

Þar hefur yfirvinnuálagið lækkað og fellt meðaltíma-kaupið talsvert, en tímakaup í dagvinnu hefur hækkað um 0,8 % umfram vísitölu, sem stafar sennilega af breyttu vinnufyrirkomulagi á einum vinnustað.

Flugvirkjun.

Lagfæring hefur reynzt óhjákvæmileg á öllum tölum í þessum lið, vegna nýrra upplýsinga. Samt sem áður tókst ekki af ýmsum ástæðum að gera samanburð á tímakaupi í dagvinnu að þessu sinni, sem draga megi af verulegar ályktanir, og hafa ber í huga, að 12,5 % lækun á tímakaupi í dagvinnu umfram reiknaða vísitöluhækkun, gefur mjög villandi mynd af raunveruleikanum. Þessi mikla lækun stafar af því, að 2. ársfj. 1966 kom út með mjög hátt dagvinnutímakaup, vegna óvenjulegra aðstæðna í rekstri fyrirtækis, og vegna þess, að þá sömdu flugvirkjar um kauphækkun, sem var látin virka aftur fyrir sig, og fleira mætti telja. Þá er ljóst, að verulegur samdráttur hefur orðið á yfirvinnu

þannig, að meðaltímakaupið hefur fallið um 2,0 % af þeim sökum. Sennilega á dagvinnukaupið að lækka um 7-8 %, vegna minnkandi aukagreiðslna.

Bifvélavirkjun.

Svo virðist sem dagvinnutímakaup bifvélavirkja hafi staðið í stað síðan á 2. ársfj. 1966, og jafnvel lækkað lítið eitt.

Orsökkin er vafalaust minnkaðar yfirborganir sem nemur vísitöluhækkuninni. Aftur á móti hefur yfirvinna aukizt og hækkað meðaltímakaupið um 3,9 %.

Rafvirkjun.

Tímakaup í dagvinnu hækkar svipað því sem nemur vísitölu, eða 0,7 % minna, en yfirvinna minnkar talsvert.

Bökunarvinna.

Hlutfallstala yfirvinnuálags er sú sama og 1966 og hefur lækkað frá því, sem var á 1. ársfj. 1967, en tímakaup í dagvinnu er 6,4 % hærra en vísitala gefur tilefni til, en var 2,2 % hærra á 1. ársfjórðungi. Ástæða þess eru auknar yfirborganir og vafalaust einnig betra bókhald.

Prentun og bókagerð.

Ýmsar prentsmiðjur haga kaupgreiðslum sínum á þann hátt, að tímakaupstölur sveiflast óreglulega. Ber því að taka ársfjórðungana með varúð. Þó er greinilegt, að yfirvinnuálagið hefur hækkað talsvert.

Þegar á heildina er litið, þá virðist því sem á 2. ársfj. 1967 hafi yfirvinna aukizt heldur frá því, sem var á 1. ársfj. 1967, en er þó talsvert minni en á sama tíma í fyrra. Aftur á móti hefur dregið úr aukagreiðslum og ákvæðisvinnuálagi.

Kauptaxtar og álögur á kaup
nokkurra starfsstétta.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir kauptöxtum þriggja starfsstétta og þeim gjöldum, sem á þá leggjast og atvinnurekendum ber að greiða, annaðhvort vegna frjálsra samninga við stéttarfélagin eða beinna lagafyrirmæla. Þær starfsstéttir, sem hér um ræðir, eru: Iðjufólk, verkamenn í hafnarvinnu og prentarar (vélsetjarar).

Þar sem hver þessara starfsstétta þiggur laun samkvæmt nokkuð flóknum kjarasamningum, þá er hér eingöngu fjallað um lágmarksvíkukaup hvers hóps, en hinir ýmsu kauptaxtar verða ekki vegnir saman. Kauptaxtar, sem hér birtast, og álögur, eru samkvæmt kjarasamningum og lögum, sem í gildi voru í desember 1966.

Vinnutími.

Iðja: Vinnuvikan telst 44 klst. Þar af eru 3 klst. og 20 mín. greiddir kaffitímar og 1 klst. og 36 mín. greiddir helgidagar. Raunverulegur vinnutími er því 39 klst. og 4 mín. á viku.

Hafnar-
verkam.: Vinnuvikan telst 44 klst. Þar af eru 3 klst. og 40 mín. greiddir kaffitímar og 1 klst. og 30 mín. gr. helgidagar, sem allir vikukaupsmenn fá. Raunverulegur vinnutími er því 38 klst. og 50 mín. á viku.

Prentarar: Vinnuvikan telst 43 klst. Þar af eru 1 klst. og 47 mín. greiddir kaffitímar og 1 klst. og 48 mín. greiddir helgidagar. Raunverulegur vinnutími er því 39 klst. og 25 mín. á viku.

1. Kauptaxtar.Lágmarksvíkukaup

Iðja: Kr. 1.972,- eða kr. 44,82 pr. talda dagvinnustund.

Hafnarverkamenn: Kr. 2.215,- eða kr. 50,34 pr. talda dagvinnustund.

Prentarar (vélsetjarar): Kr. 2.568,- á viku- eða kr. 59,72 pr. klst.

Álögur pr. unna dagvinnustund.2. Greiddir kaffitímar

Iðja: Kr. 3,82 = $(44,82 \cdot 3^{20} : 39^{04})$

Hafnarverkamenn: Kr. 4,75 = $(3^{40} \cdot 50,34 : 38^{50})$

Prentarar: Kr. 2,70 = $(1^{47} \cdot 59,72 : 39^{25})$

3. Greiddir helgidagar

Iðja: Kr. 1,84 = $(44,82 \cdot 1^{36} : 39^{04})$

Hafnarverkamenn: Kr. 1,95 = $(50,34 \cdot 1,5 : 38^{50})$

Prentarar: Kr. 2,73 = $(59,72 \cdot 1^{48} : 39^{25})$

4. Orlof er 7% á allt kaup

Iðja: Kr. 3,53 = $0,07 \cdot (44,82 + 3,82 + 1,84)$

Hafnarverkamenn: Kr. 3,99 = $0,07 \cdot (50,34 + 4,75 + 1,95)$

Prentarar: Kr. 4,56 = $0,07 \cdot (59,72 + 2,70 + 2,73)$

5. Sjúkrasjóðir

Iðja: 1% af öllu kaupi gerir pr. klst. kr. 0,54 = $(0,01 \cdot 54,01)$

Hafnarverkamenn: 1% af dagvinnukaupi, reiknað á sama hátt og gjöld í Atvinnuleysistryggingasjóði.

6. Slysabætur

Iðja: Iðnrekendur greiða meðlimum Iðju slysabætur í allt að tvo mánuði, sem jafngildir 1% af greiddu kaupi, samkv. upplýsingum frá Félagi ísl. iðnrekenda. Á móti kemur, að þeir fá rétt til bóta, sem Tryggingarstofnun ríkisins

greiðir, en samkv. reikningum hennar endurgreiðir hún 80% iðngjalda. Slysabætur eru því metnar jafngilda 0,46 kr. álagi pr. klst. = $(0,01 \cdot 54,01 + 0,8 \cdot 0,10)$.

7. Veikindagreiðslur

Iðja hefur 14 daga á ári, sem samkv. athugun jafngildir 2% af dagvinnukaupi, eða gerir kr. 1,08 pr.klst.= $(0,02 \cdot 54,01)$. Hafnarverkamenn hafa 28 daga á ári. Samkv. athugun greiða skipafélög 1,6 % af útborguðum launum verkafólks í veikindagreiðslur, sem jafngildir 0,98 kr. álagi pr.klst.= $(0,016 \cdot 61,03)$.

Prentarar hafa 14 daga á ári, sem geymast áfram. Hér er gert ráð fyrir, að þeir jafngildi 3,5 % álagi á kaup, eða kr. 2,44 pr. klst. = $(0,035 \cdot 69,71)$.

8. Lífeyrissjóðir

Iðja: Iðnrekendur greiða 6% af öllu kaupi í lífeyrissjóð. Um 20% félagsmanna Iðju eru í lífeyrissjóðnum, samkv. upplýsingum frá Iðju, og gera má ráð fyrir, að þeir fái 25% af öllum tekjum Iðjufólks. Þetta er metið jafngilda 1,5 % af öllu kaupi, eða kr. 0,81 pr. klst. = $(0,015 \cdot 54,01)$.

Prentarar: Greiða skal 6% álag á kaup í lífeyrissjóð prentara. Allir prentarar eru í lífeyrissjóði. Álagið er því kr. 4,18 pr. klst. = $(69,71 \cdot 0,06)$.

9. Orlofsheimilásjóður

Iðja: Greiða skal 0,25 % af öllu kaupi í orlofsheimilásjóð, eða kr. 0,14 pr. klst.= $(0,0025 \cdot 54,01)$

Hafnarverkamenn: Greitt er 0,25 % af dagvinnukaupi. Reiknast sem 1/4 hluti Atvinnuleysistryggingasjóðsgjalds.

10. Atvinnuleysistryggingasjóður fær kr. 17 á viku, samkv.

upplýsingum frá Skattstofu Reykjavíkur.

Iðja: Kr. 0,43 álag pr. klst. = $(17 : 39^{04})$

Hafnarverkamenn: Vinnutími þeirra er alltaf gefinn upp í klst., en ekki í vikum. Skattstofan breytir þeim í vikur með deilittölunni 48. Hverjar 48 framtaldar klst. jafngilda 42,4 unnum klst. í dagvinnu. Álagið verður því 0,40 pr. klst. = $(17 : 42,4)$.

Prentarar: Álag pr. klst. kr. 0,43 = (17 : 39²⁵)

11. Lífeyristryggingar fá kr. 28,- fyrir hverja vinnuviku, samkv. upplýsingum frá Skattstofunni.

Iðja: Álag er kr. 0,72 pr. klst. = (28 : 39⁰⁴)

Hafnarverkamenn: Álag er kr. 0,66 pr. klst. = (28 : 42,4)

Prentarar: Álag er kr. 0,71 pr. klst. = (28 : 39²⁵)

12. Slysatryggingar. Iðgjöld eru samkvæmt reglugerð, sem gerð er samkv. 40. gr. laga nr. 40 1963, um almannatryggingar.

Iðja: Meirihluti Iðjufólks fellur undir 3. áhættuflokk, en nokkur hluti þess undir aðra áhættuflokka. 3. áhættuflokkur hefur kr. 4,50 vikugjald. Hér er áætlað, að meðalgjald Iðjufólks sé kr. 4,- á viku, eða kr. 0,10 pr. klst. = (4 : 39⁰⁴).

Hafnarverkamenn í 4. áhættuflokki: Iðgjald er kr. 7,- á viku, eða kr. 0,17 pr. klst. = (7 : 42,4).

Prentarar eru í 2. áhættuflokki: Iðgjald kr. 3,- á viku, eða kr. 0,08 pr. klst. = (3 : 39²⁵).

13. Launaskattur er 1% á öll laun, samkvæmt lögum nr. 14/1965 um launaskatt.

14. Iðnaðargjald er 2 promill á allar kaupgreiðslur iðnfyrirtækja, samkvæmt lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

15. Iðnlánasjóðsgjald er 0,4 % á öll gjöld iðnfyrirtækja, samkvæmt lögum nr. 45, 3. apr. 1963, um iðnlánasjóð.

16. Aðstöðugjald var, samkvæmt upplýsingum frá Skattstofunni í Reykjavík, 1% á öll gjöld iðnfyrirtækja, en 2% á hafnarvinnu.

Tafla 1

Kauptaxtar og álögur.

<u>Kaupgreiðslur</u>	Iðja kr.	Hafnarv.m. kr.	Prentarar kr.
1. Taxtakaup	44,82	50,34	59,72
2. Gr. kaffitímar	3,82	4,75	2,70
3. Gr. helgidagar	1,84	1,95	2,73
4. Orlof	3,53	3,99	4,56
<hr/>			
Raunverulegt tímakaup samkv. samningi	54,01	61,03	69,71
<u>Aðrar greiðslur</u>			
5. Sjúkrasjóður	0,54	0,40	
6. Slysabætur	0,46		
7. Veikindagreiðslur	1,08	0,98	2,44
8. Lífeyrissjóður	0,81		4,18
9. Orlofsheimilasj.	0,14	0,10	
10. Atv. leysistr. sj.	0,43	0,40	0,43
11. Lífeyristr. sj.	0,72	0,66	0,71
12. Slysatr. sj.	0,10	0,17	0,08
13. Launaskattur	0,54	0,61	0,70
14. Iðnaðargjald	0,11		0,14
15. Iðnlánasj. gjald	0,22		0,28
16. Aðstöðugjald	0,54	1,22	0,70
<hr/>			
Samtals	59,70	65,57	79,37
Álögur á taxtakaup %	33,2	30,2	32,9
Ál. á raunv. l. kaup %	10,5	7,4	13,9

Tafla II

Aðalflokkun álagna

		Iðja kr.	Hafnarv.m. kr.	Prentarar kr.
<u>Krónutölur</u>				
1	Taxtakaup	44,82	50,34	59,72
2 - 2	Kaffit.og hgd.	5,66	6,70	5,43
4	Orlof	3,53	3,99	4,56
5 -12	Félagsm.gjöld	4,28	2,71	7,84
13 -16	Skattar	1,41	1,83	1,82
	Samtals	59,70	65,57	79,37
<u>Álögur á taxtakaup %</u>				
2 - 3	Kaffit.og hgd.	12,6	13,3	9,1
4	Orlof	7,9	7,9	7,6
5 -12	Félagsm.gjöld	9,6	5,4	13,1
13 -16	Skattar	3,1	3,6	3,1
	Samtals	33,2	30,2	32,9
<u>Hlutfallstölur</u>				
1	Taxtakaup	75,1	76,8	75,2
2 - 3	Kaffit.og hgd.	9,5	10,2	6,9
4	Orlof	5,9	6,1	5,7
5 -12	Félagsm.gjöld	7,2	4,1	9,9
13 -16	Skattar	2,3	2,8	2,3
	Samtals	100,0	100,0	100,0

	<u>Framfærslu- vísitala</u>	<u>Vísitala neyzluvöru</u>
1959	100	100
1960	103	109
1961	108	121
1962	119	136
1963	135	153
1964	161	183
1965	172	197
1966	191	222
1967		
1. ársfj.	195	228
2. -	195	227
3. -	195	226

Kaupgreiðsluvísitala

<u>Ár</u>	<u>Tímabil</u>	<u>Vísitala</u>	<u>Álag á grunnlaun %</u>
1965	Jan.-febr.	163	-
-	marz-maí	168	3,05
-	júní-ág.	169	3,66
-	sept.-nóv.	171	4,88
-	des.	175	7,32
Ársmeðaltöl		168,75	3,51
1966	jan.-febr.	175	7,32
-	marz-maí	178	9,15
-	júní-ág.	185	13,42
-	sept.-des.	188	15,25
Ársmeðaltöl		182,58	11,94
1967	jan.-nóv.	188	15,25
-	des.	(194,4)	19,16
Ársmeðaltöl		(188.534)	15.576